

ins komi »1909«. Áfrýjandi Tómas Tómasson greiði stefnda Sturlu Jónssyni 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Ídæmdan málskostnað skal greiða áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaadför.

Mánudag 18. nóvember 1918.

41/1918.

Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
ráðherrum Íslands
f. h. verzlunar landssjóðs.

D ó m u r :

Tildrög máls þessa eru þau, að niðurjöfnunarnefndin í Reykjavík gjörði landsverzluninni 20000 kr. aukaútsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur síðastliðið ár. Landssjórnin neitaði að inna útsvarið af hendi. Lét þá borgarstjóri fyrir hönd bæjarstjórnar freista lögtaki fyrir útsvarinu en fógetinn synjaði bæjarstjórninni um lögtakið með úrskurði 18. maí þ. á.

Borgarstjóri skaut fógetaúrskurðinum f. h. bæjarstjórnarinnar til yfirdóms með stefnu, dags. 26. júlí þ. á. Krefst hann þess að fógetaúrskurðinum verði hrundið, að fógetanum verði gert að skyldu að láta lögtak fara fram fyrir útsvarinu og að landsstjórnin verði dæmd til að svara bæjarsjóði málskostnaði í héraði og fyrir yfirdómi.

Afrýjandi rökstyður kröfu sína með því, að landsverzlunin sé arðsamt fyrirtæki og falli því beint undir ákvæði 1. og 3. gr. laga nr. 18, 18. okt. 1877, sbr. 22. gr. tilsk. 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, enda hafi yfirdómur talið sparisjóð útsvarsskyldan. Þá bendir áfrýjandi og á það, að landsverzlunin greiði önnur lögmæt gjöld í landssjóð og bæjarsjóð. Verði hún því einnig að teljast útsvarsskyld, enda veiki hún gjaldþol kaupmanna og, sé hún eigi talin útsvarsskyld, þá um leið óbeinlínis gjaldþol bæjarsjóðs.

Stefndi hefir nú að vísu eigi neitað því, að landsverzlunin sé arðsamt fyrirtæki. En hann heldur því fram, að henni beri þó eigi að borga útsvar, þar sem hún sé ein af bjargráðstöfunum landssjóðs út af heimsófriðnum, enda sé velta hennar ómetanleg til peningaverðs. Þá hefir hann bent á það, að landsjóður hafi með höndum aðra starfsemi sem gefi allmikinn arð, og sé þó eigi gert að svara útsvari af, svo sem landssíminn og póstflutningar. Krefst hann því staðfestingar á fógetaúrskurðinum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Hvorugur málsaðili hefir lýst skipulagi landsverzlunarinnar svokölluðu. En samkvæmt þar að lútandi lögum, sérstaklega lögum nr. 5, 1. febrúar 1917, og reglugjörðum 11., 21., og 26. apríl s. á., verður að telja verzlunina bráðabirgðagrein af landsstjórninni og, eins og stefndi heldur fram, eina af lögmæltum bjargráðstöfunum hennar út af ófriðnum, enda er landssjóðnum stefnt fyrir hönd verzlunarinnar.

Nú heimila lög nr. 18, 1877 að visu að leggja skatt eða útsvar á fastar verðlanir, stofnanir og önnur arðsöm fyrirtæki. En það þykir mega ráða það, bæði af orðum 1. og 3. gr. laganna, sbr. 22. gr. tilsk. 20. apríl 1872, og af undirbúningi laganna, að útsvarsákvæði þeirra taki eigi til slíks fyrirtækis, sem hér ræðir um. Eigi þykir heldur verða lögjafnað þaðan eða annars staðar frá til útsvarsskyldu landsverzlunarinnar, enda hefir útsvars eigi verið krafist af nokkurri landssjóðsstofnun fyrir en nú.

Verður fyrir því að staðfesta fógetaúrskurðinn, en rétt þykir að málskosnaður falli niður.

Það er aðfinsluvert, að fógetaréttarhald 16. apríl er ekki í héraðsgjörðunum, en fylgir á lausu blaði.

Því dæmist rétt vera:

Fógetaúrskurðurinn á að vera óraskaður.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 18. nóvember 1918.

51/1918.

Bogi A. J. Þórðarson
gegn
firmanu Carl Höepfner.

Dómur:

Mál þetta höfðaði yfirréttarmálaflutningsmaður Bogi Brynjólfsson fyrir hönd firmans Carl Höepfner